

## 235. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,

miðvikudaginn 19. júní 2019.

Mættir:

Stjórnarmenn: Katrín Sigurjónsdóttir formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Valtýr Hreiðarsson, Finnur Yngvi Kristinsson og Ásgeir Örn Blöndal.

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri og Baldvin Valdemarsson (ritaði fundargerð).

---

Formaður setti fundinn kl. 15.00 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Undirritun fundargerðar nr. 234 og tilkynningar til Fyrirtækjaskrár.

Fundargerð síðasta fundar undirrituð án athugasemda. Einnig gengið frá undirritun tilkynningar til Fyrirtækjaskrár um nýskipaða stjórn.

### 2. Yfirferð á samþykktum AFE.

Á þessum fyrsta reglulega fundi nýskipaðrar stjórnar fór formaður yfir samþykktir félagsins, sérstaklega 2. og 3. gr. um tilgang og verkefni félagsins og III. kafla um hlutverk stjórnar. Hugmynd kom fram um að tengja haustfund AFE fiskeldisráðstefnu, sbr 9. gr. Tillaga um miðvikudag 18. september. Samþykkt. Þá var rætt um starfsreglur stjórnar.

### 3. Stefna félagsins næstu misserin.

Rætt um stefnu og áherslur næstu misserin sem munu væntanlega mótast nokkuð af vinnu vegna sameiningar við Eyþing og AP. Farið yfir helstu verkefni og hvað væri framundan. Rætt um fundarplan út árið. Tillaga um þriðja miðvikudag í mánuði kl 15:00. Sleppa júlí. Samþykkt.

### 4. Fundargerð stýrihóps frá viku 23.

Farið yfir fundargerð stýrihóps vegna sameiningar frá því í viku 23 og verkáætlun sem unnið er eftir. Lagt fram til kynningar. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri munu heimsækja öll sveitarfélög við Eyjafjörð á næstunni og heyra þeirra sjónarmið varðandi þetta mál.

### 5. Byggðaðróun: Flutningur stofnana á landsbyggðir.

Rætt um byggðaðróun og opinber störf á landsbyggðunum. Stjórnin leggur til að við vinnu nýrrar sóknaráætlunar verði lögð áhersla á þetta málefni.

### 6. Kynnisferð.

Framkvæmdastjóri greindi frá hugmynd um kynnisferð sveitarstjórnarmanna í Eyjafirði til Noregs. Rannsóknar- og eftirlitsstofnanir í fiskeldi yrðu heimsóttar sem og aðrar stofnanir sem hafa verið fluttar út á land í Noregi sem og flugvallarmál. Stefnt er á að ferðin verði farin eftir sumarfrí.

### 7. Undirbúningur tæknivettvangs í matvælaframleiðslu.

Framkvæmdastjóri greindi frá hugmyndum og vinnu í samstarfi við Matís um að setja upp rannsóknarsetur í matvælaframleiðslu í samvinnu við hagsmunaaðila í Eyjafirði.

**8. Fyrirtækjakönnun.**

Rætt um nýútkomna fyrirtækjakönnun sem unnin var fyrir landshlutana af Vifli Karlssyni. Höfundur mætti á fundinn og kynnti stjórnarmönnum skýrsluna.

**9. Önnur mál**


Eftir stjórnarfund var fundur á Hótel Kea með sveitarstjórnarmönnum um sama mál og 8. lið.

Fleira ekki fært til bókar.

**Fundi slitið kl. 16:40**

Jóns Sigurðsson

Andri



Hilabarna Gísladóttir